

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	15. janúar 2025
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:15

Þátttakendur: Þóra Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Hilmar Vilberg Gylfason, (f.h. Bændasamtaka Íslands).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Rannsóknir á sjúkdómum sem orsakast vegna stökkbreytinga í utangenaerfðakerfinu og hitastigsstjórnun spendýra.

Fyrir fundinum lá mat Þóru Jónasdóttur yfirdýralæknis á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn fyrir tilrauninni, að því tilskildu að umsækjandi uppfylli kröfur sem gerðar eru til ábyrgðarmanna skv. reglugerðinni og að umsækjandi gefi skýringar á misræmi á fjölda dýra í umsóknargögnum.

Anna Berg Samúelsdóttir fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

2. Afrit kálfa við hreindýraveiðar.

Fyrir fundinum lá sameiginlegt svar Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands vegna fyrirspurnar frá Fagráðinu varðandi veiðitímabil hreindýra.

Katrín Andrésdóttir, fulltrúi Dýralæknafélagsins óskaði eftir að bókað yrði að: „Lifun kálfa er ekki mælikvarði á velferð þeirra.“

Ályktun Fagráðs um velferð dýra:

„Fagráðinu barst erindi frá Jarðarvinum um afdrif hreindýrakálfa og hefur ráðið haft málið til meðferðar og fengið m.a. ftr. UST og NA á fund ráðsins, jafnframt hefur ráðið aflað svara hjá stofnununum. Svör UST og NA rökstyðja ekki með fullnægjandi hætti að nauðsynlegt sé að veiðar hreindýrakúm hefjist 1. ágúst ár hvert. Við ákvörðun veiðitímabils skal velferð hreindýrakálfanna að vera í fyrirrúmi. Fagráðið mun skila rökstuddum tilmælum til umhverfisráðuneytisins þar sem lagðar verða til breytingar á regluverkinu sem miða það því að seinka byrjun veiðitímabils á hreindýrakúm.“

3. Erindi frá Katrínu Oddsdóttur vegna áætlana um sjókvíaldi í Seyðisfirði.

Fagraðið telur að ekki tilefni til að taka kvörtun um stjórnsluhætti Matvælastofnunar til meðferðar, sbr. hlutverk ráðsins skv. 5. gr. laga nr. 55/2013, en telur rétt að leiðbeina aðila um að vísa erindinu til Atvinnuvegaráðuneytisins.

4. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Fagraðið telur nauðsynlegt að beina tilmælum til sveitarstjórna um bættu meðferð sauðfjár í rekstri og réttum. Við flutning á dýrum ber að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skal þess við flutning og rekstur búfjár að dýr verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið, sbr. 18. gr. laga nr. 55/2013.

Málið verður unnið áfram milli funda og afgreiðslu þess lokið fyrir vorið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15. Næsti reglulegi fundur Fagraðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 12. febrúar 2025, kl. 13.00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.